

Neytendafræðsla *á Norðurlöndum*

*Tillögur að markmiðum í neytendafræðslu
í grunnskólum og á framhaldsskólastigi*

Meginmarkmið

Norrænar neytendastofnanir hafa sýnt áhuga á að móta skýr sameiginleg markmið fyrir neytendafræðslu í skólum frá upphafi grunnskóla til framhaldsskóla (6-18 ára). Árangur þeirrar vinnu birtist í þessu riti. Takmarkið er að þessar viðmiðanir verði bæði notaðar í hverju landi og eins á alþjóðavettvangi, í fyrstu í Evrópu. Í hverju landi eiga þessar viðmiðanir að geta aukið samvinnu neytendasamtaka og stofnana við skóla og myndað ákveðinn grunn fyrir vinnu kennara í skólum, fyrir endurmenntun kennara og útgáfu námsgagna.

Starfshópurinn hefur samið markmið fyrir neytendafræðslu á sex sviðum: Fjármál einstaklinga, réttindi og skyldur neytenda, áhrif auglýsinga, neysla og umhverfi, matvæli og matreiðsla og öryggismál. Auk markmiða fylgja ýmis atriðisorð öllum sviðunum sem hægt er að nýta sem viðfangsefni þegar kennsla er skipulögð.

Þessar tillögur eru unnar af starfshópi sem í voru:

Danmörk: Dorte Christensen, Forbrugerrådet
Annelise Bredholt, Forbrugerstyrelsen

Finnland: Pirkko Grönlund, Konsumentverket

Ísland: Þorlákur Helgason (oddviti), Neytendasamtökunum

Noregur: Kari Holtan Nodenes, Forbrukerrådet
Eli Karlsen, Forbrukerrådet

Svíþjóð: Roger Johansson, Konsumentverket
Ia Envall, Konsumentverket
Hans Jeleby, Konsumentverket (ritari)

Þorlákur Helgason hefur verið ritstjóri verksins og annast frágang þess.

Mikilvægi neytendafræðslu

Á síðari árum hafa orðið miklar breytingar í samfélaginu á flestum sviðum. Aukin þörf er fyrir hvern einstakling að hafa sem besta vitneskju um grundvallaratriði neytendamála og mikilvægt er að þessum þætti sé sinnt í grunnskólum. Með því að leggja áherslu á neytendafræðslu hjá börnum og unglingum aukast líkur á því að þau verði betur undirbúin að takast á við hlutverk sitt sem neytendur á fullorðinsárum. Einstaklingar og fjölskyldur verða að geta tamið sér neysluvenjur sem taka tillit bæði til umhverfisins og fjárhagslegrar afkomu og tíma sem einstaklingar hafa til ráðstöfunar.

Visst ójafnvægi hefur verið í ýmsum hagkerfum heimsins, m.a. vegna mikils atvinnuleysis í Evrópulöndum. Skuldastaða heimila hefur víða versnað, skuldabyrði margra heimila er mikil þannig að skuldbreyting á lánum er á mörgum heimilum nauðsynleg. Nýtni og hagkvæmni verður í ríkara mæli nauðsynleg í samfélaginu. Það gildir ekki síst um heimilishald.

Áður fyrr stýrðu foreldrarnir innkaupum heimila. Rannsóknir sýna að börn og unglingar hafa nú á dögum áhrif á sífelld stærri hluta af útgjöldum og neyslu heimila. Börn og unglingar hafa yfirleitt meiri fjárráð en fyrri kynslóðir og eru af þeim sökum ákjósanlegur markhópur sem kaupendur ýmiskonar voru og þjónustu. Rannsakendur hafa lýst þessari breytingu á eftirfarandi hátt: „frá barni í fjölskyldu til barns á markaði.“ Báðir foreldrar vinna yfirleitt utan heimilis og einstæðum foreldrum hefur fjölgað. Þetta hefur m.a. í för með sér breytingar á hlutverki foreldra í neytendauppeldi. Auk breytinga á fjölskyldugerð er einnig á Norðurlöndum hægt að greina meiri mismun á menntun og afkomu fólks eftir þjóðfélagsstöðu og jafnvel uppruna, t.d. hvað varðar ýmsa hópa innflytjenda í samfélaginu.

Markaðurinn hefur á síðustu áratugum breyst umtalsvert þar sem aukin áhgersla er lögð á samstarf hvað varðar framleiðslu, dreifingu og sölu á vörum. Vöruúrval hefur margfaldast og það verður sífelld erfiðara að hafa yfirsýn yfir markaðinn, t.d. vegna aukinna alþjóðlegra samskipta og í solumálum eru færri hömlur. Gerðar eru stöðugt meiri kröfur um að tekið sé tillit til umhverfisins við framleiðslu á vörum. Í markaðssetningu er aukin

áhersla á auglýsingar og upplýsingar um vörur. Neytendur þurfa því í auknum mæli að geta metið og tekið sjálfstæða afstöðu við vöruval.

Á síðustu árum hafa orðið stórstígar breytingar á sviði tækni og upplýsingamála. Það hefur haft í för með sér aukið framboð á hvers konar skemmtiefni og fólk ver æ hærra hlutfalli af tómstundum sínum í afþreyingu. Fyrir stóra hópa barna og unglunga má segja að skemmtanir og leikir í rafrænum miðlum stjórni lífinu að miklu leyti. Á hinn bóginn bjóða þessir tæknimiðlar upp á skynsamlegar og hugmyndaríkar nýjar leiðir til þekkingaröflunar, meðferðar upplýsinga og úrvinnslu.

Mikilvægt er að undirbúa hlutverk barna og unglunga sem neytenda í samfélagi sem tekur stöðugum breytingum og þar skiptir neytendafræðsla í skólum miklu máli. Greining á samfélaginu og gagnrýnið viðhorf styrkir unga neytendur bæði til að skoða eigin neyslu og samfélagsins í heild og til að átta sig á hvernig markaðsöflin hafa áhrif og hvernig fjölmiðlaheimurinn þróast. Með því að búa nemendur undir daglegt líf með þeim áherslum sem lagðar eru í neytendafræðslu ættu þeir einnig að eiga möguleika á að temja sér heilbrigða neysluhætti og almennt heilsusamlega lífshætti.

Í neytendafræðslu er lögð áhersla á jafnrétti kynja. Rannsóknir sýna ákveðinn mun á drengjum og stúlkum þegar gætt er að færni og áhuga á vissum sviðum. Almennt séð telja börn og unglingar neytendamál mikilvæg og óska eftir aukinni þekkingu og færni á því sviði. Í neytendafræðslu er gengið út frá því að allir, óháð kynferði, axli jafna ábyrgð á gjörðum sínum sem neytendur.

Þekking, færni, viðhorf

Í opinberum námskrám á Norðurlöndum eru sett fram margs konar markmið í skólastarfi. Algennt er að greina á milli þekkingar-, færni- og viðhorfamarkmiða. Í þessu riti er engin slík aðgreining en ólík undirmarkmið á einstökum sviðum geta jafnt tekið til þekkingar, færni eða viðhorfa.

Í neytendafræðslu er mikilvægt að stuðla að nauðsynlegri þekkingu nemenda til að þeir geti lifað og starfað í fjölbreytilegu samfélagi. Auk þess er mikilvægt að miðla þekkingu sem eykur

hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin lífi, skyldur gagnvart þjóðfélaginu og umhyggju gagnvart eigin fjölskyldu og umhverfinu. Í norrænum námskrám hafa þau markmið verið sett, t.d. í Noregi, að kennslan auki vitneskju, þekkingu og færni varðandi félagslegar kröfur, siðferðismál og fagurskyn. Auk þess er ætlast til að nemendurnir fái ýmis tækifæri til upplifunar. Þegar neytendafræðsla er markvisst skipulögð er einnig lögð áhersla á að ofangreindum markmiðum verði náð.

Markmið neytendafræðslu

Í skýrslu frá NSA frá 1992:599 „Konsumentundervisning í skolen forprosjekt“ (Neytendafræðsla í skólum) frá Norrænu ráðherranefndinni var sett fram samnorræn skilgreining á meginmarkmiði og inntaki neytendafræðslu.

„Markmiðið með neytendafræðslu í skólum er að mennta sjálfstæða, meðvitaða og hæfa neytendur. Með neytendafræðslu á að gefa nemendum þekkingu og innsýn í að vera neytandi í flóknu og margbreytilegu samfélagi með því að veita þeim grundvallarþekkingu um réttindi neytenda, fjármál einstaklinga og samfélags, auglýsingar og áhrif þeirra, neyslu og umhverfi, auðlindir jarðarinnar, hífýli, fatnað, verð og gæði, matvæli og heilsu. Skólinn á að leggja sitt af mörkum til að gera nemendur meðvitaða um áhrif sem þeir verða fyrir hvað varðar lífsstíl, neysluvenjur, viðhorf og mat.“

Hægt er að dýpka þessa lýsingu á áhersluatriðum í neytendafræðslu. Með kennslunni er stefnt að því að þroska með nemendum greinandi og gagnrýnin viðhorf til neytendamála með sérstakri áherslu á gæði, verð, þjónustu, auðlindir og umhverfi. Gefa á nemendum innsýn í hagkerfin og skilning á efnahagsvanda, sambands milli vinnu og fjármagns og milli framleiðslu, neyslu og sparnaðar. Einnig á að greina frá því hvernig nýjar upplýsingar og tækni hafa áhrif á neysluvenjur og afleiðingar þess fyrir heimilishald og umhverfið. Til þess að eiga betri möguleika á að taka skynsamlega ákvörðun um neyslu og sjálfstæða afstöðu við kaup á vöru, verða börn og unglingar að vita hvernig nútímamarkaðssetning og sölutækni er skipulögð.

Fjölskyldur eru nú á dögum nokkurs konar fyrirtæki með dagleg útgjöld og tekjur. Til þess að geta ráðið við eigin fjármál er nauðsynlegt að geta gert fjárhagsáætlun, þekkja áhrif auglýsinga, hafa vitneskju um matvæli, fatnað og aðra neysluvöru. Einnig er mikilvægt að vera meðvitaður um gæði og verð á vörum og gera sér grein fyrir réttindum og skyldum neytenda.

Neysla er snar þáttur af daglegu lífi hverrar fjölskyldu. Með hliðsjón af almennum uppvaxtarskilyrðum barna bjóða neytendamál upp á mikla möguleika á samvinnu og samábyrgð heimila og skóla, milli foreldra og kennara. Kunnátta á neytendamálum snertir daglega neyslu manna og beinir athygli að ýmsum hagnýtum viðfangsefnum. Umræður um neytendamál er einnig hægt að samþætta ýmsum námsgreinum og námsþáttum, t.d. heimilisfræði, móðurmáli, umhverfisfræðslu, samfélagsfræði, mynd- og handmennt, náttúrufræði, stærðfræði, tækni og fjölmiðlafræði. Þar sem neytendafræðsla snertir margar námsgreinar eru ýmsir möguleikar á þemavinnu sem hæfir nemendum. Það ætti að leiða til traustrar þekkingar á þessu sviði og skapa jákvæð viðhorf til neytendafræðslu. Jafnframt er mikilvægt að skólinn skipuleggi markvisst fræðslu á öllum sviðum neytendamála til þess að gera tengsl milli einstakra efnisþátta greinilegri.

Áhersluatriði

Hægt er að skipta neytendafræðslu niður í efnisþætti og undirmarkmið á ýmsa vegu. Í þessu riti hafa veirð valin sex skilgreind svið með margs konar undirmarkmiðum fyrir neytendafræðslu á áhverju sviði. Með þessu móti eru t.d. þættir eins og áhrif neytenda og upplýsingatækni ekki skilgreind sérstaklega, en eru tekin fyrir sem undirmarkmið eða atriðisorð á völdum sviðum.

Í samræmi við þroska nemenda og áhuga og í tengslum við önnur markmið námskrár ættu nemendur við lok skólagöngu að geta

- annast heimilishald og stjórnað eigin fjármálum
 - gert sér grein fyrir réttindum sínum og þekkt skyldur sínar sem neytendur
 - brugðist við áhrifum sem þeir verða fyrir frá markaðsöflum
 - metið þýðingu og áhrif eigin neyslu fyrir umhverfið

- valið og matreitt hollan og góðan mat, bæði með hliðsjón af manneldismarkmiðum og umhverfi, og unnið almenn heimilisstörf
- metið öryggi vöru og gæði og áttað sig á upplýsingum um framleiðsluvörur

Markmiðum er ekki skipt eftir aldri nemenda. Varðandi einstök markmið er raunhæft að þeim verði náð snemma í grunnskólum, önnur verði tekin fyrir á síðari stigum og fengist sé við sum þeirra á öllum skólastigum.

Eins og áður hefur verið bent á er hægt að nota atriðisorðin sem grunn að efnislegu inntaki einstakra kennslustunda.

Starf nemenda og kennara, lausn raunhæfra verkefna og umræður sem byggja á þekkingu og reynslu skipta meginmáli þegar metið er að hve miklu leyti einstökum markmiðum er náð.

Fjármál einstaklinga

Í kaflanum um fjármál einstaklinga er fengist við aðferðir til heimilishalds með það að markmiði að ná jafnvægi í tekjum og útgjöldum heimilisins.

Markmið

Nemendur skulu öðlast grundvallarþekkingu og færni í að ná tökum á eigin fjármálum. Þeir eiga að geta skipulagt og borið ábyrgð á eigin fjármálum og fjölskyldu í nútíð og framtíð og skilja sambandið milli einkaneyslu og samneyslu.

Undirmarkmið

Nemendur skulu

- átta sig á mikilvægi þess að skipuleggja eigin fjármál
- geta gert fjárhagsáætlun og haldið heimilisbókhald
- geta borið ábyrgð á eigin neyslu og tekið þátt í skipulagi fjölskyldunnar á tekjum og útgjöldum
- þroska með sér hagkvæmt og vistvænt viðhorf til ýmissa útgjalda heimilisins
- geta skilið samspil milli lánadrottna og lántakenda
- þekkja sambandið milli efnahagsmála í samfélaginu og fjárhagslegrar afkomu einstakra heimila
- viti hvar og hvernig hægt er að fá aðstoð og ráðgjöf til að koma eigin fjármálum á réttan kjöl
- geta borið saman verð og dæmt um verð og gæði
- geta nýtt sér nútímataækni, t.d. gagnabanka á tölvutæku formi, þjónustu banka og bókasafna
- þekkja til reglna sem gilda um takmarkanir á notkun persónulegra upplýsinga á tölvutæku formi, t.d. upplýsingar um skuldir

Atríðisorð

fjárhagsáætlun	samanburður á verði
heimilisbókhald	lög, skyldur, réttindi
tölvunotkun við gerð heimilisbókhalds	– lög um kaup og sölu – lög um skuldbreytingu lána
vasapeningar	lán
fjármál heimila	tryggingar
– hvað kostar að eignast barn?	peningar
– bera saman vörur og þjónustu	skuldabréf, hlutabréf
einkabíll/almenningsamgöngur	staðgreiðsla
– hagnýtt heimilishald	afborganir
sparnaður	umsókn um lán
fjármögnunarleiðir	ábyrgðarmaður
greiðsluaðferðir	vitundarvottar
– ávísun, greiðslukort	greiðslufrestur
– rafræn viðskipti	endurnýjun á láni
	vextir

Réttindi og skyldur neytenda

Ýmsar reglur eru nauðsynlegar í samfélaginu m.a. um hvernig standa eigi að samningum, hvernig standa má að markaðssetningu og hvernig leysa eigi ágreiningsmál. Markmið með lagasetningu á þessum sviðum er að standa vörð um réttindi neytenda.

Markmið

Nemendur eiga að hafa vitneskju um og geta nýtt sér réttindi sín og þeir eiga að vera meðvitaðir um skyldur sínar sem neytendur

Undirmarkmið

Nemendur skulu

- þekkja til ákvæða í mikilvægustu lögum og reglum sem lúta að réttindum og skyldum neytenda
- vita hvernig frjáls verslun hefur áhrif á réttindi fólks sem neytendur
- kunna almennar reglur um samninga
- vita hvaða skuldbindingar menn gangast undir með því að gerast ábyrgðarmenn fyrir einhvern
- þekkja til reglna um fjármögnunar- og greiðsluleiðir fyrir heimili
- þekkja reglur um vörumerkingar

Atríðisorð

lög um kaup	söluaðferðir
lög um samninga	neytendaráðgjöf
lög um markaðssetningu	kvartanir
lög um samningskjör	samningur, samkomulag
neytendastofnanir	
ábyrgð nemenda og skyldur sem neytende í fjölskyldu	

Áhrif auglýsinga

Unglingar búa nú á dögum við stöðugt áreiti frá myndum þar sem markmiðið með myndbirtingu er oft að auka neyslu af einhverju tagi. Auglýsingar beinast oft að óöryggi unglingsárama. Menn „selja“ fegurð, öryggi, vinsældir og gæfu með fötum, skóm, skrauti og fegrunarvörum. Mjög auðvelt er fyrir unglunga að lenda í klemmu milli kröfu „markaðarins“ og raunverulegrar fjárhagslegrar afkomu heimilisins.

Markmið

Nemendur eiga að öðlast innsýn í markmið með auglýsingum ásamt því að geta túlkað, greint og metið á gagnrýnan hátt auglýsingamyndir og boðskap sem settur er fram með öðrum hætti í auglýsingum.

Undirmarkmið

Nemendur skulu

- kannast við hlutverk fjölmiðla í samfélaginu
- læra að þekkja ólíkar gerðir auglýsinga og geta greint á milli upplýsinga og auglýsinga
- þekkja lög og reglur sem takmarka auglýsingar
- geta greint, túlkað og meðhöndlað á gagnrýninn hátt inntak, boðskap og orðanotkun í auglýsingum
- átta sig á notkunarmöguleikum rafrænna miðla; sjónvarps, myndbanda, tölva, mótalda, geisladiska (CD-ROM) og annarrar tækni sem miðlar upplýsingum og afþreyingarefni
- skilja fjárhagslega þýðingu auglýsinga fyrir fyrirtæki og samfélagið í heild
- geta nýtt sér sem neytendur upplýsingar frá ýmsum tæknimiðlum á gagnrýninn og ábyrgan hátt
- læra að skilja hvernig fjölmiðlar búa til lífsstíl sem endurspeglar m.a. í ákveðnu hlutverki kynja og útliti fólks

Atríðisorð

fjölmiðlar	reglur fyrir auglýsingar og markaðssetningu
skoðanamyndun	auglýsingar í sögulegu ljósi
auglýsingar og/eða upplýsingar	auglýsingar í ólíkum menningarheimum
hlutverk auglýsinga og aðferðir	nemandi sem skotspónn
kostnaður við auglýsingar	markaðssetningar
auglýsingastofur sem vinnustaður	þýðing auglýsinga í nemendagópnum (hópprýstingur og áhrif félaga)
hvers konar vörur eru mest auglýstar og hvers vegna?	gagnrýnin hugsun og auglýsingar
auglýsingar og markaðsverð	auglýsingamennska, starf auglýsingamanna
auglýsingar sem hjálpartæki fyrir sölumenn	auglýsingar í ólíkum miðlum: sjónvarp, tölvunet o.s.frv.
duldar auglýsingar, t.d. ákveðnar vörur í kvikmyndum	mat á skemmtiefni og upplýsingum í rafrænum miðlum
auglýsingar ætlaðar börnum og unglingum	auglýsingar í unglingamenningu
hlutverk kynja í auglýsingum	(t.d. í tónlist, myndböndum, kvikmyndahúsum)
kynþáttamismunun	tíska/útgjöld/fjölskylda
auglýsingar og tákn	
auglýsingar og gróðahyggja	

Neysla og umhverfi

Krafan um verndun umhverfis hefur áhrif bæði á framleiðslu og neyslu í samfélaginu. Við verðum sem neytendur að gæta þess í daglegum lífsháttum og neysluvenjum að tryggja sjálfbæra nýtingu umhverfis og auðlinda.

Markmið

Nemendur eiga að verða meðvitaðir um áhrif eigin neyslu á umhverfið. Þeir eiga að geta metið ólíka lífshætti og neysluvenjur á gagnrýninn hátt út frá umhverfismálum og þróa vistvæna eigin neyslu.

Undirmarkmið

Nemendur skulu

- skilja hvernig neysla fólks hefur áhrif á umhverfið
- kannast við helstu þætti sem umhverfinu stafar hætta af
- þekkja til vistvænnar framleiðslu og hvað það þýðir
- vera meðvitaðir um hlutverk manna sem neytendur og sem hluti af umhverfinu
- þekkja hvað helstu umhverfismerkingar þýða og læra að nýta sér þær
- geta flokkað heimilissorp
- gera sér ljósa grein fyrir hvernig hægt er að ganga sem minnst á auðlindir jarðar með neyslu
- öðlast hæfni til að fjalla um nýtingu auðlinda jarðar og skiptingu þeirra
- þekkja hvaða ógn umhverfinu stafar af iðnaði, landbúnaði, samgöngum og heimilishaldi

Atríðisorð

samspil manns og náttúru	flokkun sorps
umhverfi í vatni, lofti og jörðu	endurvinnsla
eigin ábyrgð	fatnaður, þvottur, þvottamerkingar,
þýðing þess að hver og einn stuðli	- samsetning efna, litarefni
að vistvænni veröld í stóru og smáu	- innflutningur
hráefnisnotkun	aukefni/ofnæmi
orkunotkun	þýðing umbúða fyrir umhverfið
áhrif samgangna á umhverfið	vistvæn framleiðsla,
notkun iðnríkja og þróunarlanda á	umhverfismerkingar
auðlindir jarðar	umhverfisvænt/tillit til
afleiðingar neyslu manna á	umhverfis/sniðið að umhverfinu
umhverfið í nútíð og framtíð	

Matvæli og matreiðsla

Miklar breytingar hafa orðið á heimilishaldi og fjölskyldugerð á undanfórnum árum. Þekking á matvælum og matreiðslu, bæði fræðileg og hagnýt, er mikilvæg fyrir alla, bæði stúlkur og drengi.

Markmið

Nemendur eiga að geta valið og matreitt næringarríkan og hollan mat. Þeir eiga einnig að vita á hvern hátt neysluvenjur hafa áhrif á heilsu, starfsþrek og fjárhagslega afkomu fólks.

Undirmarkmið

Nemendur skulu

- gera sér grein fyrir mikilvægi fæðunnar fyrir heilsu og líf
- geta valið rétt samsettan mat með tilliti til heilsu, hollustu og umhverfis
- geta matreitt einfalda rétti
- vita hvað verðsamanburður þýðir og geta nýtt sér það við matarinnkaup
- öðlast jákvætt viðhorf til og áhuga á eigin og annarra matarsíðum og venjum
- kunna helstu aðferðir við að geyma mat og nýta matvæli þannig að fyllsta hreinlætis sé gætt
- geta nýtt sér algengustu hjálpartæki á heimilum
- læra að nota mataruppskriftir og fylgja notkunarleiðbeiningum
- gera sér grein fyrir mikilvægi skynsamlegra matarinnkaupa og hreinlætis í eldhúsi
- skilja hvaða áhrif neysla matvæla hefur á umhverfið

Atríðisorð

manneldismarkmið	matarmenning og mikilvægi hennar í samfélaginu
heilsusamlegar matarvenjur og óhollar	matarinnkaup, verð o.fl.
máltíðir	velja hollan og ódýran mat
matarsíðir í samfélaginu og í öðrum löndum	ráðleggingar um fæðuval aukefni í matvælum
matreiðsla	útreikningur á næringargildi
hreinklæti við meðferð matvæla	vistvænar afurðir
örverufæði	gæði matvæla
samsetning fæðunnar	sjúkdómar sem leiða af fæðuvali
matarauglýsingar	nýjasa tækni við matargerð

Öryggismál

Örar breytingar eru í framleiðslu á vörum í tæknivæddu nútímasamfélagi. Sífelld flóknari tæki eru tekin í notkun á heimilum og í hvers kyns tómstundastarfi. Ásamt nútíma lífsháttum vekur þetta mikilvægar spurningar um öryggismál.

Markmið

Nemendur eiga að vera meðvitaðir um þær hættur sem leynast á heimilum og almennt í umhverfinu. Þeir eiga að hafa vitneskju um og geta metið hversu öruggar ýmsar framleiðsluvörur eru og einnig að bera ábyrgð á eigin öryggi.

Undirmarkmið

Nemendur skulu

- læra að skilja upplýsingar og merkingar sem gefa til kynna öryggi framleiðsluvöru
- vita hvernig á að umgangast á öruggan hátt skaðleg efni, t.d. ýmsar efnagerðarvörur og hluti sem geta valdið eldsvoða
- læra hvernig hægt er að koma í veg fyrir slys á heimilum og í nágrenni þeirra, í skólum, í tómstundum og á vinnustöðum
- þekkja til leiðbeininga um öryggismál ýmissa heimilistækja og tækja í skólum
- geta notað algengustu heimilistæki og tæki í skólum og þekkja hvernig hægt er að koma þeim fyrir þannig að ungum börnum stafi ekki hættu af
- vita hvernig á að koma fyrir og nota ýmsan öryggisbúnað fyrir börn

Atríðisorð

meta öryggisbúnað	hjólaskautar
skoða eigin leikföng, íþróttabúnað o.fl.	hjólabretti reiðtygi
ræða um umferðarslys	tómstundarvörur
meta öryggi reiðhjóla	snyrtivörur
góðar/slæmar vörur með hliðsjón af öryggismálum	slys vegna lélegs aðbúnaðar
viðmiðanir um öryggi	þvotta- og hreinsiefni
lagasetningar og hlutverk yfirvalda varðandi öryggismál	vöruamerkingar
hjálmánótkun	möguleikar á kvörtunum, stofnanir